***FORSÆTISNEFND 14. maí 2021: Tillaga forseta um fræðsluheimsóknir nemenda í Ráðhúsið - R21050143***

Lagt er til að skoðaðar verði leiðir til að taka á móti nemendahópum með svipuðum hætti og á svokölluðu Skólaþingi sem Alþingi heldur uppi. Skólahópar gætu þannig heimsótt Ráðhúsið, setið nefndarfundi og síðan talað fyrir tillögum og kosið um þær. Þannig væri þekking barna á lýðræðinu efld um leið og þau myndu kynnast því betur hvernig Reykjavík er stjórnað. Leitað verði til Alþingis og fagsviða borgarinnar til að meta kostnað við námsefnisgerð og móttöku nemenda og tillögunum vísað til fjárhagsáætlunargerðar í kjölfarið.